

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



Höndlaröu hitann?



TYRKISK PEBER VOLCANO - MJUKAR LAKKRÍSKEILUR & ELDFJÖLL

THE ORIGINAL
**TYRKISK
PEBER**

Til gamans má geta að þegar forsiðufyrirsætan **Helgi Björns** sótti um í leiklistarskólann á sínum tíma sótti konan hans um um leið og viti menn, þau komust bæði inn en alls fengu átta einstaklingar skólavist.

EDDA SIF PÁLSDÓTTIR

Fyrstu sex: 200788.
Uppáhaldsþrótt: Skólahreysti.
Uppáhaldsþróttamaður: Celestine Babayaro.
Met í upphífungum: 56.
Met í armbeygjum: 176.
Forgjöf í golfi: 1,3.
Met í að halda á lofti: 8.



HAUKUR HARÐARSON

Fyrstu sex: 301086.
Uppáhaldsþrótt: Fótballi og Skólahreysti.
Uppáhaldsþróttamaður: Michael Laudrup.
Met í upphífungum: 7.
Met í armbeygjum: 134.
Forgjöf í golfi: 34,3.
Met í að halda á lofti: 420.

THUGIÐ! MUNIÐ AÐ SLÖKKVA Á HLJÓÐNEMA. RAUTT LJÓS ÞYGGIR ÞIG AÐ HVAÐAÞU ER AÐ DRÖGVA. ÞU MISTAR ÞIG AÐ HVAÐAÞU ER AÐ DRÖGVA. ÞU MISTAR ÞIG AÐ HVAÐAÞU ER AÐ DRÖGVA.

Mynd/Styrmir

Hin fullkomna vinna

Haukur Harðarson og Edda Sif Pálsdóttir hafa leitt landann í gegnum Skólahreysti í vetur og verða á vakt þegar úrslitin fara fram í Laugardalshöllinni

Það má reikna með ólýsanlegri stemningu í Laugardalshöllinni í kvöld þar sem um 3.000 ungmenni og aðstandendur munu hvetja sinn skóla til sigurs í Laugardalshöllinni. „Í fyrri lýsti Logi Geirsson úrslitunum ásamt Eddu og hann sagði af fullri einlægni að hann hefði aldrei upplifað aðra eins stemningu. Þannig að í hans huga var meiri stemning þar heldur en á landsleik í handbolta á 17. júní,“ segir Haukur Harðarson sem hefur lýst keppnum í sjónvarpinu í vetur ásamt Eddu Sif Pálsdóttur. „Þetta er mjög ljúft starf og það er stundum hálfurðulegt að maður fái borgað fyrir þetta. Við erum búin að fara til Egilsstaða og á Akureyri og svo tókum við upp tvær keppnir á höfuðborgarsvæðinu. Stemningin er fánæg og maður er eiginlega tekinn aftur til gagnfræðiskólaáranna, sem er smá steikt og skemmtilegt á sama tíma. En fyrst og fremst höfum við lagt okkur fram við að búa til góðan sjónvarpsþátt, ásamt því að gera keppninni góð skil. En krakkarnir eru auðvitað alltaf stjórnarnar.“

Óð á Instagram

Aðspurður um samstarfið við Eddu segir Haukur að þeim hafi komið vel saman. „Hún byrjaði reyndar á Instagram um það leyti sem samstarfið byrjaði og ég hef þurft að hafa það í huga á morgnana þegar ég er að klæða mig og greiða mér að ég gæti átt það á hættu að vera á svona fimm til sex myndum á Instagram yfir daginn,“ segir Haukur en hvorugt þeirra

hefur þó prófað Skólahreysti-brautina. „Edda vill ekki prófa brautina því hún er hrædd um að detta og brjóta nög og svo er hún svo lofthrædd að hún getur ekki farið upp turninn. Ég ætlaði að gera það fyrir norðan en meiddist á hnénu í fótbolta kvöldið áður. Það hljómar eins og aum afsökun en ég ætla að prófa á morgun (í dag). Ég ætla að sjá til hver tíminn verður hjá mér áður en ég fer að keppa í þessu í beinni útsendingu.“

Heimsmet í hressleika

Þegar Haukur lítur til baka yfir veturinn segir hann að Jón Jósep hafi staðið sig afar vel í hlutverki kynnis á keppnum enda sé hann „í raun alltaf að setja heimsmet í hvert skipti í almennum hressleika.“ Einnig segir Haukur að Íslandsmet Jóhönnu Júlíu úr Myllubakkaskóla í armbeygjum sé afar eftirminnilegt. „Ég vissi ekki að það væri nokkur í heiminum sem gæti tekið 177 armbeygjur á einu bretti, þetta hlýtur að vera heimsmet.“

Þó að Skólahreysti sé á enda bíða Hauki fleiri skemmtileg verkefni sem íþróttafréttamaður á RÚV. „Hér áður fyrr leitaði ég alltaf að sumarvinnum þar sem ég gæti horft á alla leikina á stórmótum í fótbolta. Núna held ég að ég sé búinn að finna hina fullkomnu vinnu til þess þar sem ég verð að lýsa öllum leikjunum. Þetta verður náttúrulega algjör veisla í sumar og öllum landsmönnum er boðið,“ segir Haukur í létum tón að lokum. j/rj

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

FYRIR LESENDUR

Grínistinn **Brjann Breki** hefur notið vinsælda að undanförmum en hann er einn af félögum Auða Blö í útvarpsþættinum FM95Blö. Í næsta tölublaði Monitor svarar Brjann Breki spurningum lesenda eins og honum einum er lagið. Sendið spurningar fyrir Brján á monitor@monitor.is eða með skilaboðum á Facebook-síðu Monitor.



FYRIR SUMARFRÍÐ

Nú er sumarið gengið í garð í öllu sínu veldi og má því gera ráð fyrir að lesendur Monitor séu með hugann við sumarfríð. Ef þú ætlar út fyrir landsteinana í sumar mælir Monitor með því að þú athugir **gildistíma vegabréfsins** þíns í tæka tíð því það er alltaf fúlt að lenda í veseni með þannig lagað. Þóssum passana!

Í MIDBÆNUM

Í dag kl. 17 opnar ný fataverslun á Laugavegi 12b sem ber nafnið **Dótturfélagið**.



Að sögn verður búðin í anda Urban Outfitters, en eigendur verslunarinnar kalla hana hvorki „vintage-búð“ né hönnunarbúð heldur einfaldlega verslun sem býður upp á nýjustu tísku. Monitor tekur öllu nýju lífi á Laugaveginum fagnandi.

Vikan á facebook



Annie Mist Þórisdóttir

This one is a must do! Love the OHC! 20 CTB Pull ups, 20 Box Jumps, 20 TTB 10x10m Over head carry 80/60kg, ... 20 TTB 20 Box Jumps 20 CTB Pull ups

25. apríl kl. 16:27



Selma Björns

Stekkur inn í Vesalingana á eftir. Það verður...jah, í það minnsta hressandi :).

25. apríl kl. 12:06



Greta Salóme

jaaaaá...okey þannig að ef maður æfir sig í ólympískum, þá bætir maður sig. Okey ég skil :)

24. apríl kl. 23:26



Jón Ólafsson

Knattspyrna er dásamleg íþrótt. Leikur Barcelona og Chelsea í kvöld var magnaður. Hélt með Barcelona en dádíst að Chelsea. Mun þó ekki dásama John Terry framar.

24. apríl kl. 23:38



Auðunn Blöndal

Pétur Jóhann Sigfússon sem er líklega einhver besta manneskja sem ég hef kynnst er 40 ára í dag! I got a feeling...

21. apríl kl. 13:21

FEITAST Í BLAÐINU

6 Úrslit **MORFís** fara fram í Hörpu í kvöld þar sem **MH-ingar** og **MR-ingar** takast á.



8 Monitor leit yfir farinn í veg í **NBA-deildinni** í vetur í til efni af komandi úrslitakeppni.



11 **Helgi Björns** pantaði sér einu sinni flugvél upp á hálendi til að komast til Eyja.



16 Stíllinn-skodaði auðveldar og góðar farðanir sem gott er að kunna í sumar.



Efst í huga Monitor

Góða helgi, krúttin mín

Ég er búinn að velta þessu orði, krútt, fyrir mér að undanförmum. Það hófst í raun þegar ég notaði það í algjöru gríni á blaðamann Monitor og hann varð eitthvað hálfskrýttinn í framan. Ég tók það strax fram að um grín hefði verið að ræða og upp spratt umræða um orðið.

Í huga margra er þetta bara saklaust og fallett uppnefni en sumum finnst það hrein og bein móðgun að vera kallaður krútt. Það var náttúrulega viss aldur þar sem það var mjög erfitt að kyngja því þegar jafnaldrar manns eða eilítið eldri krakkar voru að kalla mann krútt. Í ásku var það auðvitað ekkert mál og maður fann bara fyrir væntumþykju. Í seinni tíð hefur þetta lítið sem ekkert truflað mig ekki nema þegar einhver sem er liggur við nokkrum ljósárum yngri en maður sjálfur tekur upp á því að kalla mann krútt. Það er eitthvað rangt við það.

En það er samt svo erfitt að átta sig á því hvers vegna þetta orð getur komið manni úr jafnvægi. Þeir sem segja þetta eru örugglega alltaf að nota orðið á eins já-

kvæðan hátt og mögulegt er. En það er eins og eitthvað í orðinu fái mann til að halda að viðkomandi sé að gera lítið úr manni. Útskýringin á orðinu í orðabók gæti stutt þá tilfinningu því að orðið krútt er sagt gæluorð og á það einkum við um barn en stundum á það við um unnusta. Ég er ekki barn og það er bara ein stúlka sem gæti flokkast sem unnusta mín, þess vegna getur það verið kjánalegt þegar einhver ótrúlega handahófskenndur einstaklingur tekur upp á því að kalla mig krútt.

En svo vandast málið þegar lesið er lengra í orðabókinni. Tekið er dæmi: „Hann er óttalegt krútt þ.e. ósköp indæll.“ Af hverju ætti maður að móðgast þegar einhver er að segja manni að maður sé indæll? Þegar orðið er notað í ávarpi er það sagt geta túlkað dálæti, geðþekki eða væntumþykju og hver vill ekki vera dáður, geðþekkur eða elskaður?

Ég mun örugglega ekki komast til botns í þessum málum en ég hlakka til eiliáranna þegar ég get kallað alla krútt í kringum mig án þess að spá nokkuð í aldur þeirra eða fyrri störf. Það er eitthvað svo krúttlegt við það.

Jón Ragnar

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Þórhildur Þorkelsdóttir (thorhildur@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir
Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Styrmir Kári Erwinsson
Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

Mikið fyrir lítið

Menningin blómstrar á Akureyri og **Sigurgeir Ólafsson** og samnemendur hans í MA taka þátt í þeim blóma en leikfélag skólans setur upp **Spilabjófinn** um þessar mundir.

SIGURGEIR

Nafn: Sigurgeir Ólafsson.

Skóli: Menntaskólinn á Akureyri.

Hlutverk: Ivar Lungby.

Fyrstu sex: 260293.

Uppáhaldsleikrit: Spilabjófurinn.

Uppáhaldsleikari: Einar

Aðalsteinsson hjá LA og svo er Próstur Leó helvíti skemmtilegur.

Uppáhalds Disney-persóna:

Múlan. Ég er svo hrifinn af svona kjarnakonum.

Hvernig persónuleiki er Ivar Lungby?

Hann er yfirlögrefluforingi og hann er agalegur sprelligosi. Hann er í raun uppistaðan í húmornum í þessu leikriti. Hann er ekki beint mikið í söguþræðinum, sagan gerist meira í kringum hann og hann veit ekkert hvað er á seyði.

Átt þú eitthvað sameiginlegt með Ivari?

Við erum báðir ótrúlega myndarlegir, svo er hann afar gáfaður og sjarmerandi persónuleiki eins og ég.

En ert þú jafn myndinn og hann?

Það er álitamál. Ég er eiginlega miklu myndnari.

Um hvað er leikritið?

Þetta er ráðgátuleikrit sem fjallar um spilabjófinn sem ætlar að ræna afsalinu af Belgíu í hinum konunglega ríkisbanka Svíþjóðar. Ivar Lungby og lögreglulið hans reynir svo af öllum mætti að stöðva hann en það gengur ekki eins og best verður á kosið. Enda væri leikritið þá ekki jafn skemmtilegt og raun ber vitni.

Tekið þátt áður?

Já, ég var sýningarstjóri og ljósamaður í fyrra á Drama Lama og svo lék ég árið þar áður í Grænjöxlum. Þetta er alltaf jafn skemmtilegt. Við fáum í raun bara leikhús út af fyrir okkur til afnota frá Leikfélagi Akureyrar. Svo er það oft þannig að fastráðinn leikari hjá þeim kemur og leikstýrir okkur og svo sjá sviðsmenn og ljósamenn frá þeim til þess að allt sé í toppstandi hjá okkur. Við erum líka með hljómsveit og svo auðvitað búningahönnuði og sminkur, svo þetta er mjög stórt dæmi og það er gaman að taka þátt í því.

Hvernig finnst þér þróunin hafa verið?

Þetta er alltaf að stækka en það hlýtur náttúrulega að koma að því að það verði ekki hægt að stækka. Sýningin í ár er í raun eilítið minni í sniðum en í fyrra en hún er alveg jafn skemmtileg.

Hvenær áttaðir þú þig á því að þú gætir leikið?

Það var í raun hún Garún sem hjálpaði mér með það. Hún var leikstjóri okkar í fyrra og hún kenndi mér að leika. Ég hafði tekið þátt í alls konar leikritum í grunnskóla en hún tók þetta á næsta stig hjá mér.

Er stefnan sett á leiklist eða?

Nei, reyndar ekki. Stefnan er sett á sameindalíffræði. En það væri gaman að hafa leiklistina í bakhöndinni.

Þú gætir til dæmis útbúið leikþátt um sameindalíffræðing og ævintýri hans?

Já, það væri náttúrulega hægt. Möguleikarnir eru óþrjótandi. Ég hef fundið fyrir því að almenningur kallar eftir slíkum leikþætti. Fólk stendur hér úti á götu og öskrar á leikþátt um sameindalíffræðing. Og ég hyggst svara kallinu.

Hvers vegna ætti fólk að skella sér á Spilabjófinn?

Í fyrsta lagi til að svala forvitninni og sjá hvers vegna þau hafa séð alla þessa spaðaása úti um allan bæ síðustu daga. Í öðru lagi af því að þetta er þrususkemmtilegt. Þetta er líka mjög fagmannlega gert og sýningin er flott. Fólk fær í raun mikið fyrir lítið.

jrr



SPILABJÓFURINN

GÓÐ SAMSKIPTI VIÐ SKÓLAFÓLK Í YFIR 30 ÁR

SAMSKIPTI

Prentum ritgerðir

Skýrslur

Portfolio möppur

Plaköt

Nafnspjöld

Kjöllíming

Gormun

Heft í kjöl

Kjölband



Þjóðum frábært verð fyrir skólafólk!

Verðdæmi:

Innbundin 40 síðna ritgerð með harðri kápu **kr. 1.870**

Sendu okkur ritgerðina á prent@samskipti.is og þú færð skjóta og góða þjónustu.



Fjölbreyttur tækjakostur gerir okkur kleift að vinna verkefnið hratt og örugglega

LEITAÐU TILBOÐA
tilbod@samskipti.is

580 7820
OG ÞÚ FÆRÐ SVAR UM HÆL

Stórprent | Ljósritun | Plöstudun | Skönnun | Vörusýningar | Smáprent | Gluggamerkingar | Skilti | Hönnun

Síðumúli 4
108 Reykjavík
samskipti.is

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Stríðið heldur áfram í Hörpu



Framhaldsskólarnir **MH** og **MR** hafa lengi haft hendur í hári hvors annars og verður því líklega allt lagt undir þegar liðin ræða „Stríð fyrir frið“ í úrslitum **Morfis** í Hörpu í kvöld.



LÍÐSHEILDIN Í MH ER GRÍÐARLEG

DRAUMARÆÐULIÐ MH

Liðsstjóri: Sókrates
Frummælandi: Martin Luther King
Meðmælandi: Hitler
Stuðningsmaður: Jesús Kristur

Lyfta á bakkanum í Sundhöllinni

Nafn: Jón Pétur Þorsteinsson.
Fyrstu sex: 050492.
Hlutverk: Liðsstjóri.

Til að komast langt í keppninni þarf: Betri ræður og betri ræðumenn en hitt liðið hefur á að skipa.

Besti hrekkur sem MH hefur gert MR: Þegar MH reisti niðstöng á lóð MR-inga.

Besti hrekkur sem MR hefur gert MH: Þegar MR-ingar fóru með þyrllu upp á þakið á MH og máluðu MR á þakið.

Uppáhaldsumræðuefni: Mér fannst rosalega gaman að vinna keppni þar sem við töluðum með ógninni.

Draumaumræðuefni: Draumaumræðuefnið er að taka eitthvað sem er ómögulegt að vinna og vinna. Ég væri til dæmis til í að tala með dópi af því að það er nánast ógerlegt að vinna í slíkri stöðu.

Hvernig á að nota ræðuhæfileikana eftir menntó? Ég held að þetta hjálpi mér að koma auga á kjaftæði og þetta hjálpar mér að tjá hugmyndir mínar og þælingar þannig að fólk skilji mig og kaupir það sem ég hef að segja.

Hvernig undirbýr þú þig á leikdegi? Ég sef ekkert sérstaklega mikið. Svo förum við í sund í Sundhöllinni þar sem við lyftum á bakkanum. Þá er förin haldið í bakari en því næst göngum við frá svörnum okkar. Förum svo í finu fötin og förum að keppa.

Er einhver lukkugripur sem fylgir þér eða liðinu? Við erum með lukkugrip skólans, gúmmihnefann. Mér finnst líka mjög gott að vera með sógleraugu og stundum derhúfu.

Tókstu þetta af stupidthoughts.com?

Nafn: Katrín Ásmundsdóttir.
Fyrstu sex: 130492.
Hlutverk: Frummælandi.

Til að komast langt í keppninni þarf: Einbeitingu og þolinmæði.

Besti hrekkur sem MH hefur gert MR: Þegar MH-ingar settu fuglafóður á lóðina þeirra.

Besti hrekkur sem MR hefur gert MH: Þegar MR-ingar merktu öll bílastæðin á lóð MH sem fatlaðrastæði.

Uppáhaldsumræðuefni: Við erum að tala um „Stríð fyrir friði“ núna í úrslitunum og við erum með. Það er mitt upphald.

Draumaumræðuefni: „Dýragarðar“ og ég myndi vera á móti.

Eftirminnilegt svar í pontu: Ég man bara lokin á einu. „Skrifaðir þú þetta sjálfur eða tókstu þetta af stupidthoughts.com?“

Hvernig á að nota ræðuhæfileikana eftir menntó? Það verður bara að koma í ljós, er ég hrædd um.

Hvernig undirbýr þú þig á leikdegi? Sund, bakari, klippa og líma svör og svo er rennsli. Afslöppun heima og skipta um fót.

Erðu búin að velja dressið fyrir úrslitin? Nei, reyndar ekki, þetta eru algjör vandráði.

Er einhver lukkugripur sem fylgir þér eða liðinu? Það er Miðgarðsormurinn, mjög gamall og rykugur en alltaf flottur.

Brennum mynd af andstæðingnum

Nafn: Sigurbjartur Sturla Atlason.
Fyrstu sex: 260992.
Hlutverk: Meðmælandi.

Til að komast langt í keppninni þarf: Ákveðni, trú á eigin málstað og ferskleika.

Besti hrekkur sem MH hefur gert MR: Þegar MH málaði „MH“ með stórum stöfum á grasið fyrir utan MR með hvítri fótbolta-málningu núna í vikunni. Löggan mætti á svæðið og allt.

Besti hrekkur sem MR hefur gert MH: Þegar MR-ingar merktu öll bílastæði skólans sem fatlaðrastæði fyrir nokkrum árum.

Uppáhaldsumræðuefni til þessa: Þegar við kepptum á móti Kvennó og umræðuefnið var „Ógnin“. Við vorum með.

Draumaumræðuefni: Ógnin var draumurinn.

Eftirminnilegt svar í pontu: „Hey, farðu í rassgat. Nei djók, þú ert þar.“ Þetta var þegar við vorum að keppa á móti FVA á Akranesi.

Hvernig á að nota ræðuhæfileikana eftir menntó? Þetta hjálpar til við að koma hugmyndum sínum á framfæri á skilvirkan hátt.

Hvernig undirbýr þú þig á keppnisdegi? Við förum alltaf í sund, brennum síðan mynd af andstæðingnum og förum í bakari. Svo les ég yfir svör og byggi mig upp.

Er einhver lukkugripur sem fylgir þér eða liðinu? Við erum alltaf með derhúfu og sógleraugu alla vikuna, helst bara inni en ekki þegar við förum út.

Þetta er svo mikið stundarbrjálæði

Nafn: Ívar Vincent Smárasón.
Fyrstu sex: 060992.
Hlutverk: Stuðningsmaður.

Til að komast langt í keppninni þarf: Aga, einbeitingu og virkilegan metnað fyrir þessu sporti.

Uppáhaldsumræðuefni: Umræðuefnið „Ógnin“ sem við tókum á MH-Kvennó-deginum er upphaldsumræðuefnið mitt, við vorum með ógninni. Það var mjög opið og hægt að túlka það á alla vegu.

Draumaumræðuefni: Eina umræðuefnið sem ég hefði virkilega viljað taka er umræðuefnið „Ógnin úr austri“ og ég hefði viljað tala með því.

Eftirminnilegt svar í pontu: Þetta er náttúrulega svo mikið stundarbrjálæði þegar maður er uppi í pontu svo maður man ekkert heilu dagana eftir keppni. Mér dettur því ekkert í hug.

Hvernig á að nota ræðuhæfileikana eftir menntó? Mér hefur verið sagt að ég sé með mjög fallega og góða bassarödd. Kannski ég reyni að landa mér einhverri vinnu út á hana. Ég held alla vegu þeim möguleika opnum.

Hvernig undirbýr þú þig á leikdegi? Við byrjum daginn á því að fara öll í sund. Þar náum við að róa taugarnar fyrir stóru stundina. Svo förum við út í bakari og fáum okkur að borða. Þá förum við upp í skóla og undirbúum það sem á eftir að gera, förum síðan heim og undirbúum okkur andlega og líkamlega fyrir átökin. Svo er þetta spurning um að gera sitt besta þegar maður er kominn upp í pontu.

Er einhver lukkugripur sem fylgir þér eða liðinu? Nei, ég myndi ekki segja það. Við erum alls ekki mjög hjátrúarfull hér í MH. Ef það er eitthvað samt sem veitir mér sjálfstraust í þessari keppni þá er það að vita að ég er best klæddur uppi á sviðinu.

Á MYNDINA VANTAR JÓHANN PÁL SEM VAR ALVEG BRJÁL



Mynd/Styrmir

DRAUMARÆÐULIÐ MR

Liðsstjóri: Jesús Kristur
(Jói vill setja Geir Finnsson)
Frummælandi: Göbbels
Meðmælandi: Sigmundur Davíð
Stuðningsmaður: Stefán
Snær Stefánsson

Ég ætla að sigra heiminn

Nafn: Ólafur Kjara Árnason.
Fyrstu sex: 260293.
Hlutverk: Meðmælandi.

Til að komast langt í keppninni þarf: Hroka.

Besti hrekkur sem MR hefur gert MH: Fatlaðamerki á öll bílastæði.

Besti hrekkur sem MH hefur gert MR: Klám-sprettigluggar í öllum tölvunum í MR.

Uppáhaldsumræðuefni: Í úrslitum í fyrra þegar við töluðum með „Frjálshyggju“.

Draumaumræðuefni: Að tala á móti MH.

Draumastuðningslag: Finn fill eftir Jóa.

Eftirminnilegt svar í pontu: Super Mario-dansinn hans Jóa á móti FSU í fyrra.

Hvernig á að nota ræðuhæfileikana eftir menntó? Ég ætla að sigra heiminn.

Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi? Við finnum dýrið innra með okkur.

Er einhver lukkugripur sem fylgir þér eða liðinu? Morfis-bikarinn frá því í fyrra #hroki

Framtíðarbindisnælan er happa

Nafn: Kári Þrastarson.
Fyrstu sex: 110192.
Hlutverk: Frummælandi.

Til að komast langt í keppninni þarf: Réttþenkjandi þjálfarateymi og ekki skemmir að þau séu bæði menntaðir bókmenntafræðingar. Svo þarf sjálfs-traust og æfingar.

Besti hrekkur sem MR hefur gert MH: Sama og Óli sagði enda hjálpaði ég honum að svara.

Besti hrekkur sem MH hefur gert MR: Klám-sprettigluggarnir.

Uppáhaldsumræðuefni: Mér fannst „Þróunaraðstoð“ mjög skemmtilegt umræðuefni þar sem við töluðum með.

Draumaumræðuefni: Að ræða um Valtýskuna væri ákveðinn sigur út af fyrir sig.

Eftirminnilegt svar í pontu: Brunna-svarið hans Jóa í keppninni um þróunaraðstoð á móti Verzló.

Hvernig á að nota ræðuhæfileikana eftir menntó? Það hjálpar manni að koma hugmyndum sínum á framfæri ef maður þorir að standa fyrir framan fólk og tala.

Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi? Sef nóg og þyl oft.

Er einhver lukkugripur sem fylgir þér eða liðinu? Framtíðarbindisnælan.

Ætlar að nýta reynsluna til að móðga framtíðaróvini sína

Nafn: Eygló Hilmarsdóttir.
Fyrstu sex: 030592.
Hlutverk: Liðsstjóri.

Til að komast langt í keppninni þarf: Góða þjálfara, sterka liðsheil og hroka.

Besti hrekkur sem MR hefur gert MH: Mér dettur bara í hug uppáhaldshrekkur sem hefði getað orðið. Stríðsnefndin í MR gerði bréf og sagði að það væri frá Landlækni um að það væri lúsafaraldur í MH. Bréfið var allt of raunverulegt þannig að nefndin hefði getað lent í miklum vandræðum og hætti því við. En góður hrekkur.

Besti hrekkur sem MH hefur gert MR: Fyrir nokkrum árum var haldin formleg athöfn þar sem MH færði okkur nýtt íþróttahús sem var bara lítill kofi. Það var alveg sniðugt.

Uppáhaldsumræðuefni: „Féminisminn er á villigötum“ var mjög skemmtilegt og „Þróunaraðstoð.“ Við töluðum á móti þessu fyrra og með þróunaraðstoðinni.

Draumaumræðuefni: „Lágmennning“ og „Krúttkynslóðin.“

Eftirminnilegt svar í pontu: Það var mjög skemmtilegt á MR-VÍ þar sem umræðuefnið var „Maðurinn er góður“ og við vorum á móti. Stuðningsmaður Versló spurði hvað við myndum gera ef barn væri að detta ofan í brunn og sagði að við myndum væntanlega bjarga barninu. Jói, okkar stuðningsmaður, svaraði því að hann myndi örugglega bjarga barninu á meðan að það væri fullt af fólki sem myndi fara með barninu ofan í brunninn og gera eitthvað ógeðfellt. Það var fyndið þó þetta sé kannski smá ósmekklegt.

Hvernig á að nota ræðuhæfileikana eftir menntó? Ég ætla að nota þá til að móðga framtíðaróvini mína.

Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi? Ég borða ekki neitt, skipa fólki fyrir og er í raun mjög leiðinleg.

Te, heitt bað, kerta-ljós og afslöppun

Nafn: Jóhann Páll Jóhannsson.
Fyrstu sex: 310592.
Hlutverk: Stuðningsmaður.

Til að komast langt í keppninni þarf: Hroka, sigurveila og baráttuanda.

Besti hrekkur sem MR hefur gert MH: Þegar Miðgarðsorminum var stolið, boðað var til blaðamannafundar og hann gefinn Mæðra-styrksnefnd. Svo var líka góður hrekkur þegar MR-ingar sendu bréf til allra í MH um að það væri njálgur í skólanum. Það var einhver í MR sem kom af stað njálgsfaraldri.

Uppáhaldsumræðuefni: Þegar við tókum umræðuefnið „Benediktskan“ á móti FMos. Við vorum á móti.

Draumaumræðuefni: „Hlífum Geir“ og ég væri á móti. En ef umræðuefnið væri „hlífum Geir Finnssyni“ þá væri ég með.

Eftirminnilegt svar í pontu: Þegar Óli spurði hvernig mætti misnota þekkingu og hvort einræðisherrarnir vissu þá allt í einu ótrúlega mikið.

Hvernig á að nota ræðuhæfileikana eftir menntó? Í áróðursstríði, til þess að afvega-leiða fólk og heilapvo það.

Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi? Ég drekk te, fer í heitt bað og kveiki á kertum og slaka á.

Er einhver lukkugripur sem fylgir þér eða liðinu? Ætli það sé ekki Eygló Hilmarsdóttir. **Hvar er Guðmundur?** Hann er í Byrginu.

Bjóðum upp á gott úrval af Zippo kveikjum á góðu verði.



Zippo

Erum með margar tegundir af pilot sólgleraugum.



Öll sólgleraugu á Kr. 1200,- hjá okkur Frábært úrval!

Skoðið úrvalið á: www.hokuspokus.is



Laugavegi 69 - Sími 551-7955 www.hokuspokus.is

BJARTASTA FRAMTÍÐIN

Pótt Minnesota

Timberwolves hafi ekki tryggt sér sæti í úrslitakeppni þetta árið tókst þeim að hrista af sér stimpilinn sem þeir hafa borið undanfarin ár sem eitt af slakari liðum deildarinnar. Með Kevin Love og hinum spænska Ricky Rubio í broddi fylkingar, sem því miður sleit krossband í byrjun mars, liggur leiðin aðeins upp á við.



MESTU VONBRIGÐIN

Ríkjandi NBA-meistarar, **Dallas Mavericks**, hafa valdið miklum vonbrigðum í vetur. Þó svo að þeir hafi misst einn af þremur bestu miðherjum deildarinnar þegar Tyson Chandler fór til New York hafa þeir engan veginn staðið undir væntingum og verður að teljast ólíklegt að þeim takist að verja titilinn þetta árið.



MEÐ BRÆKURNAR Á HÆLUNUM

Allt stefnir í að **Charlotte Bobcats** slái metið yfir versta vinningshlutfall liðs frá upphafi. Það sem gerir þetta vandræðalegt er að sjálfur Michael Jordan er eigandi liðsins. Hann getur þá státað sig af því að hafa komið að liðinu með besta vinningshlutfallið (Chicago Bulls 1995-1996 með 72-10 (87,8%)) og versta liðinu (Charlotte Bobcats 2011-2012 með 7-55 (11,3%)).



LIÐIN SEM KOMUST Í ÚRSLITAKEPPNINA

Austurdeild:
Atlanta Hawks
Boston Celtics
Chicago Bulls
Indiana Pacers
Miami Heat
New York Knicks
Orlando Magic
Philadelphia 76'ers

Vesturdeild:
Dallas Mavericks
Denver Nuggets
LA Lakers
LA Clippers
Memphis Grizzlies
Oklahoma City
San Antonio Spurs
Utah Jazz

NÚ BYRJAR ALVARAN

Úrslitakeppni NBA-deildarinnar fer af stað um helgina og af því tilefni leit **Monitor** yfir farinn veg á þessu leiktímabili stærstu körfuboltadeildar heims

LIN HAFDI YFIR NÓGU AÐ BROSA Í VETUR



Lindislegur leikmaður

Jeremy Lin kom eins og þruma úr heiðskiru lofti inn í lið New York Knicks í vetur og heillaði svo gott sem alla heimsbyggðina á augabragði

Ekki er hægt að líta yfir farinn veg í NBA í vetur án þess að nefna öskubuskuævintýri óvæntustu stjórnvörðsins, Jeremy Lin hjá New York Knicks. Í upphafi tímabils var Lin svo að segja núll og nix innan raða Knicks. Það var reyndar svo að í byrjun febrúarmánaðar hugleiddi stjórn liðsins að segja upp samningi sínum við leikmanninn, en ráðamenn liðsins áttu þó fljótlega eftir að skipta um skoðun. Hann fékk óvænt tækifæri með liðinu í febrúar og greip gæsina svo allsvakalega þegar hún gafst að frammistaða hans fór í sögubækurnar. Hann skoraði 136 stig í fyrstu fimm byrjunarliðsleikjum sínum sem er met í sögu deildarinnar.

Eftir að Lin braust fram skapaðist sannkallað Jeremy Lin-fár vestanhafs sem hefur verið kallað nafninu „Linsanity“. Til dæmis ætlaði allt um koll að keyra á samskiptasíðunni Twitter þar sem aðdáendur leikmannsins kepptust um að búa til hnyttustu tístin um leikmennina. Monitor tók saman nokkur góð „hashtögg“ um Jeremy Lin sem þutu um Twitter-heima.

#Lincredible #AllHeDoesIsLin #Linning #Lindescribable #AdrenaLin #LinderellaStory #Linvincible #Linhuman #KillLinInTheNameOf #SuperLintendo #KillerLinstinct #EverydayImShuffLin

Metta World Peace

Fyrir átta árum síðan varð Ron Artest einn mesti skúrkur NBA-deildarinnar þegar hann stofnaði til hópslagsmála í leik Indiana Pacers og Detroit Pistons og var í kjölfarið dæmdur í lengsta bann sem leikmaður hefur hlotið í deildinni fyrir brot innanvallar. Upp frá því tók Artest til í sínum málum og hefur verið iðinn við kolann í alls kyns góðgerðarmálum sem þótti bæta orðspor hans svo um munaði. Hápunkti betrunarinnar var sennilega náð síðastliðið haust þegar hann tilkynnti um svakalega nafnabreytingu. Þá ákvað hann að taka upp nafnið Metta sem fornafn og World Peace sem eftirnafn, og sagðist hann með því vonast til að hvetja æsku heimsbyggðarinnar til samstöðu. Með öðrum orðum hefur leikmaðurinn leikið í trettjúu númer 15 hjá Los Angeles Lakers, sem hann skipti yfir í árið 2009, með nafnið „World Peace“ á bakinu.

Skemmst er frá því að segja að þrátt fyrir að vera nýr maður með nýtt nafn komst World Peace aftur í skúrkatölu í síðustu viku þegar hann gaf andstæðingi sínum, James Harden, glæfralegt olnbogaskot og uppskar 7 leikja bann að launum.

VONIR ERU BUNDNAR VIÐ AÐ METTA EIGNIST DÓTTUR SEM DAG EINN KEPPIR Í MISS AMERICA



Grillandi gott!

Alvöru helgar-brunch

Nú er kominn tími á alvöru helgar-brunch: Steikt beikon, spælt egg, steiktur pylsur, pönnukökur með sírópi, grillaður tómatur, kartöfluteningar, ristað brauð, ostur, marmelaði, sneiðar af ferskum ávöxtum, ávaxtasafi og te eða kaffi. Ótrúlega gómsæt byrjun á góðum degi.

Verð kr. 1.590 pr. mann.
50% afsláttur fyrir börn undir 12 ára.

Alla laugardaga og sunnudaga frá kl. 11:00 til 14:30.



Grillhúsið Sprengisandi og Tryggvagötu - Sími 527 5000 - grillhusid.is

Leikmanna- verkfallið **MIKLA**

Keppnistímabilið 2011-2012 í stærstu körfubolta-deild heims, NBA, verður eflaust lengi í minnum hjá leikmönnum jafnt sem áhængendum. Keppni hófst ekki fyrr en á jóladag síðasta árs sökum erfiðra deilna milli leikmanna deildarinnar og eigna keppnisliðanna um kjör leikmanna.

Heiðursleikmaður á rúmum mánuði

Nokkuð var um það að NBA-leikmenn færðu sig um set í aðrar deildir til að halda sér í leikformi á meðan á verkfallinu stóð

Þegar umrætt verkfall skall á í NBA-deildinni tóku nokkrir leikmenn deildarinnar upp á því að semja við lið í öðrum deildum til að halda sér við. Rússinn Andrei Kirilenko (Utah Jazz), Spánverjinn Serge Ibaka (Oklahoma City Thunder) og Frakkinn Tony Parker (San Antonio Spurs) héldu allir til heimalanda sinna á meðan leikmenn eins og J. R. Smith hélt til Kína og spilaði með Zheijiang Golden Bulls á meðan Ty Lawson lék í Litháen með liðinu BC Zalgiris.

Mesta athygli vakti þó líklega dvöl leikstjórnandans Deron Williams í Tyrklandi. Hann skrifaði undir eins árs samning þar í landi við Besiktas sem tryggði leikmanninum 5 milljónir dollara. Það sem gerði för hans eftirminnilega með eindæmum var þó að þrátt fyrir að hann hafi aðeins leikið í einn og hálfan mánuð með liðinu, ákvað félagið að leggja treyjunúmer kappans á hilluna um ókomna tíð til að heiðra feril hans hjá liðinu.



**DERON WILLIAMS ER
GOÐSÖGN Í TYRKLANDI**

@KDTrey5
Kevin Durant
If this is true I am Bouta go wake my mom n grandma up and put on a suit and thunder hat and cry! Please be true #nbaback

Retweeted by SierraElnwll and 100+ others

@blakegriffin
Blake Griffin
This must be how the guys in Space Jam felt when MJ gave them their powers back through that old basketball.

Retweeted by pleshaCoulter and 100+ others

@J_Goin_HAM
Jordan Hamilton
Me and my girlfriend just hooked back up #Basketball

Retweeted by pdhulio23 and 31 others

Ætla að vekja mömmu og ömmu

Þegar ljóst var að verkfalli leikmanna væri lokið í lok nóvember loguðu Twitter-heimar bókstaflega. Monitor valdi þrjú skemmtilegustu tíst NBA-leikmanna eftir að þeir heyrðu tíðindin.

Sérstakar þakkir: Trausti Stefánsson.

Buy your ticket at
roskilde-festival.com

ROSKILDE FESTIVAL 2012

5 — 8 JULI / WARM-UP 30 JUNI — 4 JULI

**BJÖRK/ISL BON IVER/US THE CURE/UK MEW/DK THE ROOTS/US
BRUCE SPRINGSTEEN & THE E STREET BAND/US JACK WHITE/US**

AMADOU & MARIAM/MALI APPARATJIK/INT BEHEMOTH/PL RUBÉN BLADES/PAN THE CULT/UK SIVERT HØYEM/N
PAUL KALKBRENNER/DE ALISON KRAUSS & UNION STATION feat. JERRY DOUGLAS/US M83/FR MAC MILLER/US
MACHINE HEAD/US MAGTENS KORRIDORER/DK MALK DE KOIJN/DK JANELLE MONÁE/US NASUM/S LEE RANALDO/US
REFUSED/S SANTIGOLD/US THE SHINS/US SPLEEN UNITED/DK LARS WINNERBÄCK/S WIZ KHALIFA/US

120 DAYS/S

THE ABYSSINIANS/DAM
ADDISON GROOVE/UK
ALABAMA SHAKES/US
THE ALAEV FAMILY/ISR/IL
SAM AMIDON/US
AMSTERDANCE
feat. JESSE VOORN,
DENNIS CHRISTOPHER
and SAM O'NEALL/NL
ANALOGIK/DK
ARAABMUZIK/US
ARS NOVA/DK
A\$AP ROCKY/US
BALOJI/CD
BARONESS/US
THE BARONS OF TANG/AUS
BELLOWHEAD/UK
BERNHOF/T/S
BIG K.R.I.T./US
BLITZ THE
AMBASSADOR/GHA
BLONDES/US

BOMBA ESTÉREO/COL

BOWERBIRDS/US
JAKOB BRO/DK
CEREBRAL BALLZY/US
DJ MILES CLERET/UK
CLOCK OPERA/UK
COLD SPECKS/CAN
COMMIX/UK
CONJUNTO
ANGOLA 70/AGO
COPENHAGEN
COLLABORATION/DK
CRIOLO/BRA
MIKAL CRONIN/US
CROWBAR/US
DALGLISH/US
DAUGHTER/UK
DEAD SKELETONS/SL
DEVILDRIVER/US
DJANGO DJANGO/UK
DOMINIQUE
YOUNG UNIQUE/US
DRY THE RIVER/UK

EL PARAISO presents

CAUSA SUI, EL PARAISO
ENSEMBLE and PAPIR/DK
ELEKTRO GUZZI/A
EVIDENCE/US
FIRST AID KIT/S
NILS FRAHM/DE
LES FRERES SMITH/FR
FRIENDLY FIRES/UK
GRIEVES & BUDO/US
GURRUMUL/AUS
H2O/US
HANK3/US
JULIA HOLTER/US
HOSPITALITY/US
I GOT YOU ON TAPE/DK
JONATHAN
JOHANSSON/S
JUPITER & OKWESS
INTERNATIONAL/CD
KELLERMENSCH/DK
KORALLREVEN/S
KRIGET/S

LARSEN &
FURIOUS JANE/DK

LITURGY/US
THE LOW ANTHEM/US
MACKLEMORE AND
RYAN LEWIS/US
MAJOVCI GROUP/MKD
MARTYN/NL
THE MEGAPHONIC
THRIFT/S
MODESELEKTOR/DE
R. STEVIE MOORE/US
MOHAMMAD
REZA MORTAZAVI/IRN
MUTINY ON
THE BOUNTY/LUX
NIKI & THE DOVE/S
OF THE WAND
AND THE MOON/DK
ONEOATRIX POINT
NEVER/US
ORQUESTA TÍPICA
FERNÁNDEZ FIERRO/ARG

OWINY

SIGOMA BAND/UK/KEN
PENGUIN PRISON/US
PERFUME GENIUS/US
CELSO PIÑA/MEX
KIMMO POHJONEN /
SAMULI KOSMINEN
and PROTON STRING
QUARTET/FIN
PRETTY LIGHTS/US
PUNCH BROTHERS/US
RANGLEKLODS/DK
RED FANG/US
ROCKWELL/UK
ROVER/FR
ROYCE DA 5'9"/US
SAGE FRANCIS/US
SHLOHMO/US
SON PALENQUE/COL
SPECKTORS/DK
SPECTOR/UK
SPOEK MATHAMBO/ZA
STAFF BENDA BILILI/CD

DJ STATIC w/ TEMU,

BLOOD SWEAT
DRUM+BASS
and GUESTS/DK
SUICIDE SILENCE/US
TALK NORMAL/US
JØRGEN TELLER
& THE EMPTY STAIRS
feat. LAZARA/DK/BEL
TER HAAR/DE
TERAKAFT/MALI
TODAY IS THE DAY/US
THE TODDLA T SOUND/UK
TOUCHY MOB/DE
BOUBACAR TRAORÉ/MALI
TRASH TALK/US
TUNE-YARDS/US
THE VACCINES/UK
MAÏA VIDAL/FR
WARBRINGER/US
DANYEL WARO/BEU
WEDEATER/US
YELAWOLF/US

WARM-UP 1 — 4 July (Apollo Countdown / Pavilion Junior)

ADRIAN LUX/S THE BEARDY DURFS/DK BEASTIE RESPOND/DK BÄDDAT FÖR TRUBBEL/S CEREKLOTH/DK COPENHEAVY/DK DANGERS OF THE SEA/DK DEATHCRUSH/N DIG & MIG/DK
THE ECHO VAMPER/DK ELOQ/DK F.O.O.L./S THE FREDERIK/DK FRENCH FILMS/US FRITJOF & PIKANEN/S GHOSTIGITAL/SL GIRLSEEKER/DK GOVERNOR OF ALASKA/DK HELSINKI
POETRY/DK ICONA POP/S INDIANS/DK DAWDA JOBARTEH/GAM/DK KESI/DK KHALAZER/DK KLUMBEN & RASKE PENGE/DK SANDRA KOLSTAD/N KÚRA/ISL/DK LINKOBAN/DK MASH UP
INTERNATIONAL/P NELSON CAN/DK NORTHERN STRUCTURES/DK REDWOOD HILL/DK RUM 37/DK MATHILDE SAVERY/DK SHINY DARKLY/DK SLENG/DK SLOWOLF/DK SPRUTBASS/N
JULIUS SYLVEST/DK TEAM ME/S ULIGE NUMRE/DK SOFFIE VIEMOSE/DK VAAGSBYGD HANDY/S WAR FOR YOUTH/DK/S



Watch the
orange feeling

Go on a life-changing journey full of music, art installations and events.
Breathe in the international atmosphere and stuff up on alternative gastronomy.
Roskilde Festival is an experience out of the ordinary.


roskilde-festival.com

TUBORG

SPENNANDI
NÁM OG ÖFLUGT
FÉLAGSLÍF Í HÁSKÓLA
Í FREMSTU RÖÐ



ÆTLAR ÞÚ Í HÁSKÓLA Í HAUST?




HÁSKÓLI ÍSLANDS

YFIR 400 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

Umsóknarfrestur um grunnnám á háskólaárinu 2012-2013 er til 5. júní 2012. Móttaka rafræna umsókna er hafin á heimasíðu háskólans, hi.is.

Barirnir drápu böllin

Helga Björns finnst rigningin góð ef hún er lárétt í logni. Hann sagði **Monitor** frá rokk-siðnum „að sörfra rútur“ ásamt tilrauninni til þess að „meika það“ úti í heimi, svo eitt-hvað sé nefnt.



A hverjum jólum heyrja landsmenn Helga Björnsson syngja um það hvað hann hyggist gefa ástinni sinni háð því skilyrði hvort hann nenni. „Ég hef stundum breytt þessu í „ef hún vill mig“, sem kemur reyndar einmitt líka fyrir í upprunalega textanum. Þá er þetta meira: „Ég ætla að gefa henni gimsteina, perlu og allan pakkann, ef hún vill mig.“ Mér finnst það aðeins lógískara en kannski er þetta hluti af vinsældum lagsins, að þessi texti sé þínu umdeildur,“ segir rokkarinn sísexí um þennan fræga texta.

Helgi leggur undir sig Eldborgarsal Hörpu næstkomandi Þjóðhátíðardag okkar Íslendinga þegar hann blæs til tónleikaveislunnar Íslenskar dægurperlur. Þar stígur með honum á svið einvalalið söngvara, þeir Valdimar Guðmunds, Ragnhildur Gísladóttir, Sigríður Thorlacius, Eivör, Jón Jónsson, John Grant ásamt KK. Blaðamaður settist niður með Holy B og ræddi við hann um allt milli frasans „eru ekki allir sexi?“ og síðarins að „sörfa rútur“ allsnakinn yfir í erótíska rigningu ásamt öllu þar á milli.

Texti: Einar Lövdahl Myndir: Styrmir Kári Erwinsson

eynar@monitor.is styrmirkari@mbl.is

Ert þú sexi í dag, Helgi?

Já, ætli það ekki. Mér fannst ég rosalega sexi þegar ég stóð fyrir framan spegilinn eftir sturtu í morgun og horfði á þetta djásn í speglinum (hlær). Verður maður ekki að trú á hið góða í sjálfum sér, þótt ég hafi svo sem oft verið ferskari í líðan. Helgin sem leið var ekki sú rólegasta, þetta var mikil afmælishelgi með tilheyrandi skemmtunum.

Talandi um helgi, hafa aulabrandarar á borð við: „Það er bara komin helgi, Helgi,“ fylgt þér frá æsku?

Já, svona brandara hefur maður heyrt síðan í barnaskóla. Það kemur enn fyrir að menn prófi þá á mig þótt það gerist æ sjaldnar. Það er alltaf einn og einn sem kemur með brandarann en þeir en verða alltaf dálítið vandræðalegir í framhaldinu og reyna síðan að gera lítið úr því enda vita flestir að þetta er bjánalegur brandari (hlær).

Þú ert fæddur og uppalinn á Ísafirði. Voru fyrstu skrefin í tónlistarbransanum stigin í bílskúr þar í bæ?

Já, í bílskúrnum hjá æskufélaga mínum, Herði Ingólfssyni. Hann átti tvo eldri bræður sem voru báðir í hljómsveitum sem hjálpaði til upp á græjur og fleira slíkt. Þar byrjuðum við að djamma og fyrsta lagið sem við sömdum hljómaði svona: „Tampax, I don't need you, Tampax, I don't want you“. Þarna vorum við þrettán ára og þú sérð hvað var efst í huga okkar, Tampax er túrtappaframleiðandi.

Lá alltaf beint við að fara út í tónlist?

Já, það var nú alveg ótrúlega snemma sem ég vissi að ég ætlaði annaðhvort að verða atvinnumaður í knattspyrnu eða poppstjarna, en flosnaði síðan upp úr boltanum eftir þriðja flokk þegar rokkið og stelpnaáhuginn tóku yfir. Svo fékk ég reyndar áhuga á leiklist á táningsárunum þegar ég byrjaði að leika með leiklistarklúbbum á Ísafirði sem var mjög virkt áhugaleikfélag á þessum tíma. Ég var svo heppinn að kennarinn minn í skólanum var mjög virkur í þessu leikstarfi og smitaði okkur af sínum áhuga. Þegar ég var búinn að leika þar í nokkrum verkum var kominn bullandi áhugi á því sviði líka.

Og úr varð að þú fórst suður í Leiklistarskóla Íslands, eins og hann hét þá, og útskrifaðist þaðan sem leikari vorið 1983. Upp frá því fóru hjólin að rulla hjá þér bæði í rokkinu og leiklistinni, ekki satt?

Jú, sumarið sem ég útskrifaðist fékk ég strax hlutverk í kvikmyndinni Atómstöðinni eftir sögu Halldórs Laxness, sem þótti stórmynd þá. Þetta átti að verða mynd á heimsmælikvarða og hún var meira að segja tekin upp bæði á íslensku og ensku. Það voru sem sagt allar senur teknar upp fyrst á íslensku, svo þegar það var komið, þá var bara byrjað frá byrjun aftur á næsta tungumáli. Það var virkilega skemmtilegt. Þetta sama sumar byrjaði ég að syngja með Grafík.

Þú ert þó ekki einn af þeim leikurum sem hafa varið öllu sínu þreki í þann bransa. Var það aldrei ætlunin?

Ég hef alltaf verið með annan fótinn í rokkinu og það þróaðist fljótlega þannig. Eins og ég segi var ég strax jöfnum höndum í rokkinu með Grafík og

leiklistinni eftir útskrift. Síðan hætti ég í Grafík og þá kom tímabil þar sem ég lék miklu meira en var svo strax búinn að stofna aðra hljómsveit, Síðan skein sól. Þegar SSSól byrjaði að gefa út plötur var ég farinn að leika nokkuð stór hlutverk í leikhúsinu og svo uxu vinsældir hljómsveitarinnar og þá fór þetta að verða dálítið mikið álag. Ég var kannski að sýna og spila á böllum fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag í leikhúsinu. Þá keyrði ég eitt kvöldið eftir sýningu upp á Akranes til að spila á balli, kvöldið eftir þurfti ég að bruna eftir sýningu á ball í Keflavík og svo framvegis. Þegar við í hljómsveitinni fórum að elta „meikdrauminn“ út til London ákvað ég að gefa leikhúsinu frí. Það var dálítið erfitt val. Það var búið að bjóða mér spennandi hlutverk í leikverki sem heitir Fröken Jelena og í þeirri uppfærslu má segja að skærustu leiklistarstjörnu þessa áratugar á Íslandi hafi orðið til. Þarna voru Ingvar E. Sigurðsson, Baltasar Kormákur og Hilmar Jónsson. Þeir slógu allir í gegn í þessu leikriti og urðu upp frá því það sem þeir urðu. Ég segi ekki að þetta sitji eitthvað í mér en auðvitað veltir maður stundum fyrir sér hvað hefði sér ef maður hefði þegið þetta hlutverk í staðinn fyrir að elta „meikdrauminn“, sem síðan varð ekkert úr. Ég sé samt ekki eftir neinu.

Þú fórst með hlutverk Mola í Sódómu Reykjavíki. Hvenær horfdir þú síðast á þá mynd? Finnur þú fyrir því hve mikið „költ“ sú mynd hefur orðið?

Það er orðið ansi langt síðan, ég man það ekki. Ég geri ekki mikið af því að horfa á eða hlusta á eitthvað sem ég hef gert, ég á til dæmis ekki plöturnar mínar og þaðan af síður myndirnar sem ég hef leikið í. Ég finn fyrir þessu með Sódómu og það á mjög skemmtilegan hátt. Það er alltaf ákveðinn aldursþópur sem horfir á hana, það er eins og þetta sé bara ákveðið verkefni í svona 9. eða 10. bekk. Þetta virkar eins og þetta sé skylduáhorf á ákveðnu tímabili í lífinu. Þá fæ ég kommentin úti á götu, það kalla einhverjir á mann: „Hey, Moli!“ og þá veit ég á hvaða stað í lífinu þeir krakkar eru.

Eins og fram hefur komið gerðir þú garðinn frægan með Grafík á hinum alræmda á níunda áratug síðustu aldar og söngst meðal annars hið ódauðlega lag Húsið og ég. Finnst þér rigningin góð í alvöru?

Já, ef hún kemur ekki lárétt eða lóðrétt upp í andlitið á manni. Þessi texti er eftir konuna mína, Vilborgu, og hann er saminn á Ísafirði og hún nefndi það einmitt að rigningin sem hún talar um í þessu ljóði er regnið sem rignir lóðrétt niður og það kemur fyrir í lofninu fyrir vestan. Þá er náttúrlega yndislegt að fá svona mjúka rigningu, það er erótískt og skemmtilegt.

Árið 1987 fór Síðan skein sól af stað. Var það á þeim árum sem frasinn „eru ekki allir sexi?“ varð til?

Jú, hann varð til í kringum lagið Blautar varir. Í viðlaginu á því lagi er textinn: „Blautar varir segja mér að þú sért sexi.“ Ég sagði þetta fyrst þegar við vorum að gera sjónvarpsþátt og tókum upp ball á skemmtistað á Akureyri sem hét 1929, þar sem bíóið er nú til húsa. Þarna voru 700-800 manns og alveg geðveik stemning, enda mjög skemmtilegur staður, og þá kynnti ég lagið með orðunum: „Eru ekki allir sexi?“ og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Eftir það varð einhvern veginn ekkert aftur snúið, þessi frasi fór að öðlast líf og þá var líka sérstaklega skemmtilegt að þetta skyldi nást á upptöku.

Bæði með Grafík og SSSól varst þú mjög virkur í ballsenunni þar sem þið rúntuðu landshorna á milli og trylltuð lýðinn í félagsheimilum. Er þessi sena dauð úr öllum æðum?

Já, ég held að hún sé nú svona að mestu leyti búin. Það eru líklega ýmsar ástæður fyrir því. Að hluta til gerðist þetta líklega þegar bjórinn var leyfður. Þá spruttu upp barir og krár í öllum bæjarplássum og ég held að hluti af þessari sveitaballastemningu hafi þar með horfið. Böllin voru áður fyrir eini vettvangur fólks á þessum svæðum til að hitta stóran hóp af fólki og gera sér glaðan dag, því fyrir bjórinn voru engir barir. Þegar krárnar komu til sögunnar úti um allt varð fólk hrifnara af því að hittast bara og fá sér bjór á barnum í staðinn fyrir að mæta með flöskuna í strengnum á ball. Það er mín tilfinning að þetta hafi verið stór þátt-

Þarna vorum við þrettán ára og þú sérð hvað var efst í huga okkar, Tampax er túrtappaframleiðandi.

ur í þessu að barimír hafi drepið böllin. Þar að auki varð kannski ekki nógu mikil endurnýjun í þessari senu hvað varðar hljómsveitir. Það kom sterk tímabil þar sem það voru hljómsveitir eins og Sálín, Sólín, Nýdönsk, Todmobile, Stjórnin og fleiri. Seinna tóku til dæmis Skítamóráll, Á móti sól og Írafár við en það náðist kannski ekki alveg að viðhalda uppsveiflunni og svo kom einhvern veginn ekkert framhald á henni. Ég veit þó ekki hvað kom á undan, eggði eða hænán. Þá á ég við, komu ekki fleiri bönd af því að það var ekki markaður fyrir þau eða hvarf markaðurinn af því að böndin voru ekki nógu sterk til að drífa liðið með sér?

Hvað getur þú sagt mér um iðjuna „að sörfra rútur“?

Þetta var ákveðinn síður sem ég byrjaði á þegar við vorum hvað mest að keyra um landið og spila úti um allt, kannski í kringum '92-'94. Þá spiluðum við ansi þétt og vorum yfirleitt að spila á hverju kvöldi frá fimmtudögum til sunnudags. Við vorum þá bara með okkar eigin rútu sem var kölluð Eðlan, hún var með eldhúsaðstöðu, kojum og öllu. Eftir böll fór mér að finnast voðalega gott að stökva út í ár í sveitinni og synda í þeim, þess vegna klukkan fimm um morgun. Þá hentu menn af sér öllum spjörum og þvoðu af sér svitann að víkingasið, það var náttúrlega sumar og bjart úti en sumar árnar voru ansi kaldar. Síðan þurftu menn auðvitað að þurrka sig, og þá var stökkið upp á rútna og hún keyrði á 50-70 km/klst og við bara á sprellum upp á rútu að „sörfa“ eins og brimbrettakappar.

Hvenær gerðir þú þetta síðast?

Ég gerði þetta í steggjapartíinu hans Einars Bárðarsonar sem var haldið 2000 og eitthvað. Hann hélt veislu á Hótel Búðum og þá var þessi síður tekinn upp svona í tilefni þess dags.

Þú átt aðra ágætissögu sem tengist steggjun og Þjóðhátíð í Eyjum, ekki satt?

Jú, það var þannig að ég var í hestaferð sem var steggjunin hans Baltasars Kormáks. Við vorum þarna fjórir, við Balti ásamt tveimur félögum okkar ásamt stóði af hestum, höfðum fjóra hesta á mann. Það var lagt í hann á laugardegi og ferðin átti að taka tíu daga þannig að verslunarmannahegin kom þarna inn í miðja ferð. Ég reið á miðvikudagskvöldi upp í Álftakrók þangað sem átti að sækja mig því Sólín átti að spila á Húkkaraballinu á fimmtudagskvöldinu.

Við vorum svolítið seinir í hlað svo þegar við mættum sá ég bara billjós fjarlægast okkur, billinn sem átti að sækja mig var bara að keyra í burtu. Við vorum ekki með síma eða neitt svo það einu sem ég gat gert var að fara að sofa, vakna morguninn eftir og þá var dagurinn sem ég átti að vera mættur til Eyja genginn í garð. Ég fékk landakort, tók mér tvo hesta og svo var bara slegið í og riðið í loftköstum og þegar hesturinn var við það að gefast upp skipti ég um hest yfir á þann óþreyttari. Svona reið ég allan daginn og kom í hlað í Húsafelli allur skeggaður og skitugur þar sem fjölskyldufólki var að koma sér fyrir með fellihýsin sín. Ég labbaði beint inn á bensínstöð og það einu sem ég hafði fyrir að láta út úr mér

var bara: „Sími!“. Ég hringdi til Reykjavíkur og það einu sem ég sagði í símtalinu var: „Flugvél!“. Vélin mætti einn, tveir og bingó og lenti á túninu þarna rétt hjá á meðan ég kom hestunum fyrir hjá bónda í nágrenninu. Við tókum á loft en ég var auðvitað í skítaganallum, búinn að vera á fjöllum í viku, svo ég varð að skjófast heim til mín að ná í poppgallann. Þá flugum við á Reykjavíkurflugvöll þar sem beið mín bíll sem skaust með mig heim svo ég gæti stökkið í sturtu og sótt gallann. Á leiðinni til Eyja þurfti ég að hringja í strákana og segja þeim að fara bara á svið á undan mér. Þegar ég lenti brunaði ég beint í ípróttahöllina

HELGI
Á 30 SEKÚNDUM
 Fyrstu sex: 100758.
 Uppáhaldsmatur: Kálfakjötsrétturinn vitello alla milanese.
 Uppáhaldsstaður í heiminum: Formentera.
 Uppáhaldslitir á hesti: Bleikálóttur.
 Æskuátrúnaðargoð: John Lennon.



1958 Fæðist á Ísafirði þann 10. júlí.

1983 Útskrifast úr Leiklistarskóla Íslands.

1984 Gefur út sína fyrstu plötu með Grafík. Get ég tekið séns sem inniheldur m.a. lagið Sextán.

1987 Stofnar Síðan skein sól. Árið eftir kemur fyrsta plata hljómsveitarinnar út sem einnig heitir Síðan skein sól.

1992 Kvikmyndin Sódóma Reykjavík kemur út þar sem Helgi fer með hlutverk Mola.

1996 Jólalagið Ef ég nenni kemur út á plötunni Pottþétt jól og nær miklum vinsældum. Árið áður hafði það komið út á Jólagestum Björgvins 3 en náði ekki flugi undir eins.

1997 Gefur út sína fyrstu alvöru sólóplötu sem ber nafnið Helgi Björnsson.

2010 Gefur út plötuna Þú komst í hlaðið með Reimönnum vindanna. Engin plata hefur setið lengur samfleytt í efsta sæti metsölulistans héraendis en nokkur önnur plata.

2011 Stendur fyrir Dægurperlu tónleikunum Eldborgarsal Hörpu á afmælisdegi íslenska lýðveldisins.

Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Síðasta borg sem ég fór til var Berlín. Sú borg er mitt annað heimili.



Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Það var Snaps. Þar fékk ég mér confit de canard, sem er marinerað andarlæri. Það er svo meyrnt að þú getur skafið það með teskeið.



Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Ég sá myndina Inhale eftir Baltasar Kormák í gær. Endirinn er dálítið snöggur, en kemur á óvart og er þar af leiðandi skemmtilegur.



Síðasta húsverk sem ég innti af hendi: Ég þvóði allt af mér fyrir skemmstu, skellti í þrjár vélar í röð. Ég er ekkert sérlega duglegur við þvottinn, þess vegna þurfti ég að taka þrjár vélar í einni törn (hlær).



Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann: Það var bara fyrri klukkutíma þegar ég tók utan um konuna mína, Vilborgu, og sagði henni að ég elskaði hana.



2012
Prýðir forsiðu
Monitor þann
26. apríl.

viðtal

þar sem mættir voru þúsund ballgestir, þar beið mín rötari baksviðs með eitt viskíglas sem ég steypti í mig svo bara beint inn á svið: „Je, je, je! Eru ekki allir sexí?“ Þá hafði ég verið uppi á fjöllum klukkan tíu um morguninn, ráðalaus án síma og var búinn að vera að ferðast og djöflast í þrettán klukkutíma en það var bara gefið í og þetta var megastuð.

Eins og þú nefndir áðan hélduð þið í SSSól út fyrir landsteinana með það í huga að „meika það“. Hvernig fór það í grófum dráttum?

Árið 1991 fórum við og spiluum á mörgum klúbbum í London sem voru mjög vinsælir á þeim tíma. Þetta var fyrir tilstuðlan Jakobs Frímanns sem var þá menningarfulltrúi í London. Þetta var gert með það fyrir augum að fá einhverja stóra pródúsenta og umboðsmenn til að hlusta á bandið og sjá hvort einhver hefði áhuga á að vinna með okkur. Það gekk eftir, við kræktum í einn heitasta umboðsmanninn í bransanum á Englandi um þær mundir. Hann var með band á sínum snærum sem hét Daisy Chainsaw sem var með lag á topp tíu beggja vegna Atlantshafsins. Hann setti saman þriggja manna pródúsenta- og lagahöfundateymi sem við fórum að taka upp efni með og við fengum plötusamning hjá Diva Records. Þegar við vorum búnir að vera að vinna úti í ár hætti söngkonan í Daisy Chainsaw og í framhaldi af því hrundi einhvern veginn allt starf umboðsmannsins bara eins og spilaborg og hann missti allt saman. Fyrir vikið lentum við aftur á byrjunarreit og þá var mannskapurinn orðinn dálítið þreyttur á þessu, við vorum orðnir peningalausir og söknuðum fjölskyldna okkar og fleira, þannig að meirihluti bandsins vildi í raun bara segja þetta gott í bili. Þá fórum við heim og settum kraftinn í heimamarkaðinn upp á nýtt og gáfum út plötu sem var kölluð Ávaxtaplattan og sló algjörlega í gegn og í kjölfarið tók við mikil spilamennska. Platan sem við tókum upp úti er reyndar enn til en hefur aldrei verið gefin út.

... þá var stokkið upp á rútna og hún keyrði á 50-70 km/klst og við bara á sprellum uppi á rútnu að „sörfa“ eins og brimbrettakappar.

Var það í þessari útrás sem þú byrjaðir að kalla þig Holy B?

Það var svona kannski eitthvað um þetta leyti. Þetta var nafn sem ég byrjaði bara sjálfur að nota þegar „DJ-tíminn“ var byrjaður, það voru allir með einhver svona plötusnúðanöfn eða nöfn á „alter-egóin“ sín svo mér fannst ég þurfa að velja mér eitthvert svona nafn. Síðan notaði ég þetta á útgáfu þegar ég gaf út fyrstu sólplötuna mína. Það var Holy B Records.

Nú þegar hefur hestamennsku borið á góma í þessu spjalli okkar auk þess sem þú hefur gefið út þrjár „hestamannaplötur“ með Reiðmönnum vindanna. Hvað er eiginlega með þig og hestamennsku?

Þetta er skemmtilegt fjölskyldusport, við konan duttum saman inn í það og síðan þá hefur áhuginn aukist jafnt og þétt. Þetta er ákaflega gaman, sérstaklega að fara í svona ferðir upp á hálandið á sumrin. Þetta getur verið rosalega nærandi sport þegar það er til dæmis mikið að gera hjá manni. Það er æðislegt að komast í hesthús og vera einn með þessum dýrum sem gera engan greinarmun á því hvort þú sért frægur eða ekki, þæla ekkert í því hvað þú heitir, hvernig þú ert klæddur eða hvernig bíl þú keyrir. Það eina sem skiptir þau máli er hvernig þú nálgast skepnumar. Maður fellir allar grímur og setur puttana aðeins ofan í moldina og nærir sálina, sem er gott á þessum tímum þar sem stressið og hraðinn er alls ráðandi.

Þú stendur nú fyrir Dægurperlutónleikunum í Hörpu 17. júní annað árið í röð. Hver er þælingin á bak við þessa tónleika?

Þetta þróaðist upp úr áhuga mínum á þessari gömlu íslensku poppklassík. Ég held að sérhver listamaður af þessum toga sæki alltaf í svona klassísk lög sem hafa haft áhrif á þá allt frá því í æsku. Til dæmis hafa Bob Dylan, Rod Stewart og Robert Plant allir farið til baka í rætur sínar og farið að grafa upp lög sem höfðu áhrif á þá jafnvel áður en þeir urðu tónlistarmenn. Míg langaði að halda svona tónleika og þá datt ég niður á þessa dagsetningu. Þá fannst mér borðleggjandi að fara í gegnum poppklassík lýðveldistímans á þessum afmælisdegi lýðveldisins. Úr þessum popperlum er hægt að búa til svo skemmtilega dagskrá. Þetta tókst ákaflega vel í fyrra enda þekkja allir þessi lög, þau eru í þjóðarsálinni. Þótt þú hafir aldrei meðvitað hlustað á þessi lög þá þekkir þú þau samt, þau eru alltaf svífandi í kringum okkur.

Ekki það að þú sért orðinn elliær, en sérð þú fram á að verða Ragga Bjarna-típa sem heldur áfram að koma fram upp undir áttætt?

Hví ekki? Ég sé allavega enga ástæðu til að fara á eftirlaun (hlær). Svo veit maður hins vegar aldrei hvernig hlutirnir þróast. Ég hef enn þá mjög gaman af þessu. Það sem maður fær út úr þessu hefur alltaf verið að þróast og breytast, í dag er ég til dæmis kominn miklu meira út í tónleikahald heldur en ballspilamennsku og það er auðvitað tvennt ólíkt. Núna finnst mér til dæmis mjög gaman að fást við þessar popperlur, þar hefur söngvarinn í mér fengið að skína meira en í öðru efni sem mér þykir skemmtilegt. Hingað til hef ég oftast sungið efni sem ég hef sjálfur samið og þegar ég sem lög er ég kannski ekki mikið að ögra mér í söng en popperlurnar eru sumar hverjar mjög erfiðar að syngja og krefjast mikils af söngvaranum.

Hvað ber framtíðin í skauti sér?

Ég er að fara að leika í einhverjum bíómyndum, til dæmis einni hestamynd eftir Benna Erlings og annari eftir Hafstein G. Sigurðsson, og svo er ég að fara að leika í Pressu sem verður tekin upp í maí. Dægurperlutónleikarnir eiga þó sennilega eftir að taka mestan tíma hjá mér. Svo eru einhverjar plötupælingar í gangi, til dæmis hvort ég eigi að gera aðra Reiðmannaplötu en ég er tilbúinn með hálfu plötu. Það sem mig langar þó mest að gera akkúrat núna er að gera nýja Holy B-sólplötu með frumsömdu efni. Svo hefur staðið lengi til að gera nýja SSSól-plötu. Það er auðvitað flott band sem á það inni að gefa út nýja plötu.

...þar beið mín rötari baksviðs með eitt viskíglas sem ég steypti í mig svo bara beint inn á svið: „Je, je, je! Eru ekki allir sexí?“





LÉTTÓL

LANGAR ÞIG AÐ KOMAST FRÍTT Á ROCK IM PARK

STÆRSTA ROKKFESTIVAL ÞÝSKALANDS
1. - 3. JÚNÍ NK.

FYLGDU „BECK'S Á ÍSLANDI“ Á FACEBOOK 

METALLICA - KASABIAN - MOTÖRHEAD - THE HIVES
KEANE - LINKIN PARK - SHINEDOWN - THE OFFSPRING
MACHINE HEAD - CYPRESS HILL - AZEALIA BANKS
EVANESCENCE - GUANO APES - TENACIOUS D
THE TING TINGS - AWOLNATION - MARILYN MANSON
THE MACCABEES - TINIE TEMPAH - THE SUBWAYS
BILLY TALENT - CHASE & STATUS - MASTODON
PETER DOHERTY - SOUNDGARDEN - FM BELFAST
OFL. OFL.

20 ÁRA ALDURSTAKMARK



2 auðveldar farðanir

FYRIR SUMARIÐ

Stíllinn fékk Ernu Hrund Hermannsdóttur, förðunarfræðing hjá L'oreal, til að segja okkur frá því heitasta í förðunarheiminum þessa dagana og sýna okkur tvær einfaldar farðanir fyrir sumarið.

Hvaða förðunartrend verða inn í sumar?

Það mun áfram vera áhersla á fallega ljómandi húð en með hlýjunni koma fallegir pastellitir sem verða áberandi á vörum, augum og nöglum. Það sem var líka áberandi á tískupöllum voru fallegir kinnalitir. Mér þætti gaman að sjá konur meira með kinnaliti en þá vantar svölitið í tiskuna hér á landi.

Það væri líka gaman að sjá t.d. fleiri nota varalit sem kinnalit, það kemur mjög vel út.

Hvaða litir verða áberandi?

Pastellitirnir munu ráða öllu í meiköppinu í sumar. Sérstaklega í dagförðun með sanseruðum hvítum og brúnum tónum. Metallitir verða meira áberandi í kvöld-

förðunum, þó í mýkri kantinum, svo augun verði ekki of hvöss. Svo held ég að nude-varaliturinn komi með smá „comeback“ en þó ekki jafn þykkur og við þurfum að venjast fyrir nokkrum árum. Þetta verður léttari litur með miklum og fallegum glans sem sómar sér vel með pastellitum.

Er eitthvað sérstakt lúkk í uppáhaldi hjá þér?

Af því sem við sáum á pöllum núna í vetur hreifst ég mest af Versace og Louis Vuitton. Þar skipti ljóminn í húðinni miklu máli, sérstaklega í augnkrókunum og í kringum varirnar. Ljóminn er ómissandi fyrir sumarið. Svo skemma öll fallegu pastel-naglalökkin ekki fyrir.

ALMA Þessi förðun er hugsuð sem kvöldförðun. Undirstaðan er sú sama og í dagförðuninni en ég setti mattan grábláan skugga yfir allt augnlokið og passaði að dreifa vel úr honum til þess að fá mjúka áferð á augun. Ég notaði nýja gel-augnblýantinn frá L'oreal sem er svartur en í réttu ljósi kemur fallegur fjólublár glampi. Við svona mikla augnförðun finnst mér að augnhárin verði að fá að skera sig úr og þess vegna notaði ég Million Lashes þykkingsmaskarann sem greiðir vel úr augnhárunum svo hvert og eitt fái að njóta sín. Til að fá þetta léttu nude-lúkk á varirnar doppaði ég svo varalitnum létt yfir varirnar og setti fallegan léttan gloss. Förðun sem hentar vel í grillveislur og brúðkaup.

Allt það góða sem lífið hefur upp á að bjóða!

ÚTIVISTARSRFRÍKIÐ

SNJALLSÍMI 2011 ÁRSINS


Samsung GALAXY Y

Samsung GALAXY Xcover

Samsung GALAXY S II

UNGLINGURINN

SNILLINGURINN



EVA Þetta lúkk hentar sérstaklega vel sem dagförðun. Ég notaði nýja línu frá L'oreal sem heitir Lumi og inniheldur „primer“ (farðaundirstöðu), farða og hyljara. Saman gefa þessar vörur húðinni undursamlega fallegan ljóma. Farðinn er sérstaklega léttur og það er hægt að stjórna því hversu þykkur hann er. Hann gefur andlitinu fallegan lit og ljóma án þess að fela t.d. freknur sem eiga það til að birtast hjá okkur á sumrin. Á kinnarnar og varimar notaði ég sama varalitinn, lit nr. 379 frá L'oreal. Augun fengu smá dýpt með brúnum augnblyanti og að lokum notaði ég Telescopic False Lash-maskarann. Lúkk sem hentar vel í kaffihúsaferðum með vinkonunum eða á stefnumót með skemmtilegum strák í sumar.

Myndir/Styrmir



DIANE KRUGER
VAR FRJÁLSLEG
OG SÆT Í ÞESSUM
RÖNDÓTTA KJÓL

ELIJAH WOOD VAR
FLOTTUR Á ÞVÍ
ÞEGAR HANN ÞEYTTI
SKÍFUM Í PARTYÍ
HJÁ LACOSTE

ÞAÐ VANTAR ALDREI
LITAGLEÐINA HJÁ
KATHY PERRY

Stjörnurnar á Coachella

Tónlistarhátíðin Coachella var haldin hátíðleg í Kaliforníu fyrir skömmu. Þar spiluðu margar af stærstu hljómsveitum heims og mikið var um dýrðir. Hollywood stjörnurnar létu sig ekki vanta og gleðin í fatavali fékk að njóta sín. Stíllinn tók saman nokkur flott tónlistarhátíðarlúkk.



RIHANNA VAR TÖFF
GALLASTUTTBOXUM
OG CHANEL JAKKA

VANESSA HUDGENS
TÓK ÚTIHÁTÍÐAR-
STÍLINN ALLA LEIÐ

KATE BOSWORTH
VAR ÓAÐFINNAN-
LEG Í EINFÖLDU
ÁTFITTI

SAMSUNG

Listamaðurinn

Samsung GALAXY Note

Samsung GALAXY W

Stílistinn

Samsung GALAXY Ace

TÓNLIST

TÓNLISTARMAÐURINN

Símar fyrir alla frá Samsung. Söluaðilar um land allt

RAKEL OG KATRÍN ERU
RAKETTUR Á UPPLÉIÐ

Mynd/Sigurgeir

SÚPER súrrealískur heimur

Katrín Bragadóttir og Rakel Mjöll Leifsdóttir hafa vakið mikla athygli fyrir seríu af vídjóverkum sem þær hafa unnið saman undir nafninu Raketa Project.

Hvað er Raketa Project?

Raketa Project er sería af ýmiskonar vídjógjörningum. Vídjóið verður þannig ákveðið listform þar sem við blöndum saman t.d. leiknu atriði, myndskotum, tónlist og ljósmyndum. Þessi tegund listar er tiltölulega ný af nálinni og möguleikarnir eru endalausir. Svo er þetta næstum óþekkt á Íslandi.

Hvernig byrjaði verkefnið?

Við erum búnar að vera vinkonur í nokkur ár. Katrín var alltaf á fullu í ljósmynduninni og Rakel í tónlist. Svo í ársbyrjun 2011 fórum við að tala um hvað við filuðum vel hvað hvor önnur var að gera, svo við ákváðum að reyna að sameina það á þennan hátt. Við byrjuðum á að gera einhverskonar tónlistarmyndband með lagi sem Rakel samdi og söng sjálf. Það vakti rosa mikla athygli og fólk finnst þetta áhugavert.

Hvaðan kemur nafnið Raketa?

Það er soldið myndin saga. Margir halda kannski að það sé komið út frá nöfnunum okkar, en við fengum

það eiginlega bara upp í hendurnar. Housekell vinur okkar var að semja tónlistina fyrir eitt af fyrstu myndböndunum. Hann sendi lagið svo á Katrínu og þá hét það „Raketa“ þegar hún opnaði það í iTunes. Það átti svo vel við að við ákváðum að halda því bara.

Hver er tilgangurinn með þessu?

Tilgangurinn er í rauninni að ýta undir samvinnu á milli mismunandi listamanna. T.d. að fá einhvern ungan og upprennandi hönnuð til að vinna með þekktum tónlistarmanni og öfugt. Það er mjög auðvelt að gera þetta í Reykjavík, fólk er rosalega opið fyrir að taka þátt og leggja sitt af mörkum en til þess er leikurinn einmitt gerður. Þetta á fyrst og fremst að vera skemmtilegt samstarfsverkefni þar sem allir fá útrás fyrir sína hæfileika.

Verkefnið ykkar eru allt annað en venjuleg. Hvað mynduð þið segja að væri furðulegasta myndbandið til þessa?

Myndband sem heitir Tea Party. Þar unnum við með módelum,

förðunarfræðingi og fatahönnuði. Í stuttu máli var Rakel með köku á hausnum og tvær aðrar stelpur með skrítna andlitsmálningu að borða hana. Það var ýmislegt súper súrrealískt í gangi og mikill húmor.

Eigið þið ykkur uppáhaldsverkefni?

Já. Á Airwaves vorum við með gjörning á Barböru þar sem við blönduðum lifandi tónlist ofan á bæði gömul og ný verk frá okkur. Húsið var alveg troðið og við fengum meira að segja umfjöllun á Dazed & Confused heimasíðunni. Viðbrögðin voru ótrúlega góð sem er auðvitað ómetanlegt og rosalega hvetjandi.

Hvað er svo framundan? Draumurinn væri auðvitað að geta alfarið einbeitt okkur að þessu. Vera með vinnustofu þar sem við gætum gert allt sem okkur langar og dettur í hug. Svo eru líka svo margir sem við erum spennar fyrir að vinna með, það skemmtilegasta sem við gerum er að vinna með fólk.

skechers
GOwalk

WALK

Skechers GOwalk
fisléttir og sveigjanlegir




SMELLTU ÞÉR INN Á MBL.IS OG KJÓSTU UPPÁHALDS ATRIÐI ÞITT ÁFRAM



SÓLI HÓLM




ANNA SVAVA



ÞORVALDUR DAVÍÐ



STEINUNN ÓLÍNA

 Smelltu þér inn á facebook síðu keppinnar og skoðaðu myndir af keppendum.

 #hkeppni

Hringdu núna í síma **595 6000**,
eða smelltu þér á **skjareinn.is**
og við opnum strax.



mbl.is



Cheerios

„Jæja, þá er maður kominn á þessa djöflaeyju.“
Djöflaeyjan (1996)



THOR ER MÆTTUR AFTUR, HVÆÐ
ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA Í ÞVI?

FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

The Avengers

Loki hinn illi hefur gert árás á jörðina og það eina sem getur komið í veg fyrir að hún heppnist er að ofurmennin hjá S.H.I.E.L.D. sameini krafta sína gegn honum. Það er Joss Whedon sem leikstýrir og skrifar handritið að The Avengers, en sagan er byggð á vinsælli teiknimyndasögu frá Marvel sem kom fyrst út árið 1963. Nick Fury (Samuel L. Jackson) er yfirmaður öryggisstofnunarinnar S.H.I.E.L.D. sem

Leikstjóri: Josh Whedon.
Aðalhlutverk: Robert Downey, Jr., Scarlett Johansson, Chris Hemsworth, Chris Evans, Jeremy Renner, Samuel L. Jackson og Gwyneth Paltrow.
Lengd: 143 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 10 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri, Keflavík, Selfossi, Smárabíó og Laugarásbíó.

ákveður að kalla saman ofurmennin Iron Man (Robert Downey, Jr.), The Incredible Hulk (Mark Ruffalo), Thor (Chris Hemsworth), Captain America (Chris Evans), Black Widow (Scarlett Johansson) og Hawkeye (Jeremy Renner) í æsilegri baráttu við Loka og illþýði hans. Árið 2009 keypti Disney kvikmyndarisinn teiknimyndasögu-fyrirtækið Marvel og er myndin The Avengers fyrsta Marvel-myndin sem Disney sendir frá sér.



FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

BULLY

Þessi heimildarmynd segir sögur fimm bandarískra ungmenna sem þurftu að þola mikið einelti og hvernig sum þeirra tókust á við það á meðan önnur buguðust. Ofbeldi það gagnvart fólki sem felst í einelti er gríðarlegt vandamál sem árlega bitnar á milljónum, oft með skelfilegum afleiðingum fyrir þá sem fyrir því verða og fjölskyldur þeirra. Mikil umræða hefur verið í Bandaríkjunum undanfarið vegna heimildarmyndarinnar Bully. Ástæða þess að myndin hefur ollið miklu fjaðrafoki

Leikstjóri: Lee Hirsch.
Fram koma: Alex, Ja'Maya og Kelby.
Lengd: 100 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 10 ára.
Kvikmyndahús: Háskólabíó.

vestanhafs er tvíþætt. Í fyrsta skipti er eineltið og ofbeldið og grimmdin sem því fylgir kvikmyndað í sinni ljótustu mynd og í öðru lagi bannaði kvikmyndaefirlit Bandaríkjanna (Motion Picture Association of America) myndina innan 16 ára (R-rating) út af orðbragði. Það hefur Harvey Weinstein framleiðandi myndarinnar ekki sætt sig við og neitar að klippa hana og nú hafa kvikmyndahúsakeðjurnar í bandaríkjunum skipst í lið um hverjir sýna myndina og hverjir ekki.

TÖLVULEIKUR



Resident Evil: ORC

MMMMM

Tegund: Skotleikur

PEGI merking: 18+

Útgefandi: Capcom

Dómar: Gamespot 4,5 af 10 / IGN 4 af 10 / Eurogamer 4 af 10



Vertu úti vinur...

Árið 1996 toppaði sala á full-orðinsbleyjum og var ástæðan einföld, hinn rosalegi hryllingsleikur Resident Evil kom út það ár. Nú fjórtán árum síðar eru leikir seríunnar orðnir 21 talsins og sá nýjasti er Resident Evil: Operation Raccoon City. Að þessu sinni gerist allur hasarinn í Raccoon-borg árið 1998 og enn og aftur snýst allt um afleiðingar hinnar illvígu T-veiru. Leikmenn fara í hlutverk sérsvaitarmanna sem Umbrella-fyrirtækið hefur ráðið til að halda þessu vandræðamáli í skefjum og tryggja að enginn geti bendlað fyrirtækið við þetta stærsta slys sögunnar. Þegar Bandaríkjaþjórn fréttir af þessu sendir hún inn sína eigin sérsvait og hefst þá bardagi milli þessara fylkinga. Spilun leiksins hefur tekið breytingum frá öðrum leikjum seríunnar og í stað þess að einblína á að skapa hrylling þá er þetta kvikindi nánast hreinræktaður þriðju-persónu skotleikur. Leikmenn hafa yfir að ráða helling af mismunandi vopnum og er yfirleitt nóg til að skotfærum. Ofan á þetta leggst að leikmenn geta falið sig á bakvið alla hluti og skotið á óvinninn þaðan. Í gegnum söguþráð leiksins geta allt að fjórir spilað saman í „co-op“ og svo geta leikmenn skellt sér í stærri bardaga í netspilun leiksins.

Ælufötur í stað bleyja
Að mínu viti hefur þessi umbreyting á Resident Evil ekki alveg heppnast og þá sérstaklega vegna þess að skotleikjafillingurinn er bara ekki nógu góður. Það er til dæmis erfitt að sjá hvort maður sé að hitta skotum sínum á óvini í fjarska, einnig er gervigreind óvinanna í ruglinu og eru þeir heimskari en dyrakarmur. Á móti kemur að fjögurra manna „co-op“-spilunin er nokkuð skemmtileg og það má hafa gaman af netspiluninni. Grafík leiksins er mjög flott og klárlega flottasti hlutinn og fá aðdáendur seríunnar að sjá mörg flottustu kvikindi hennar í fruntallegri framstillingu. Varðandi hljóðið og tónlist, þá eru þeir hlutir í sæmilegu meðallagi, gera þó ekkert stórkostlegt fyrir mann. Þegar öllu er á botninn hvolft, þá er Resident Evil: Operation Raccoon City alls ekki nógu góður fulltrúi Resident Evil-seríunnar og munu hörðustu aðdáendur eflaust skipta út fullorðinsbleyjum fyrir ælufötur.



ÓLAFUR ÞÓR
JÓELSSON



HÉR BER AÐ LÍTA EITT AF HINUM
MÖRGUM AUGNAYNDUM LEIKSINS



★★★★★
Tommi, Kvikmyndir.is
„Svöl, skemmtileg, gripandi og fyndin“
„Þær gerast varla betri en þetta!“

THE AVENGERS

HEIMSRUMSÝND Á MORGUN Í KVIKMYNDAHÚSUM UM LAND ALLT

Arion banki

ÁTTU VON Á GESTUM!

Svefnsofudagar í apríl

RECOR home
BELGIAN QUALITY
Vandaðir hægæða svefnsofar

Senseo 2ja sæta svefnsofi
TILBOÐ Kr. 329.600,-
Verð áður 412.000,-

Breidd: 187 cm
Dýpt: 95 cm
Latexdýna:
140x200 cm
Frá vegg: 240 cm



12
mánaða
vaxtalaus kjör
á svefnsofum
í apríl

3,5% lántökugjald.



Senseo tungusófi
TILBOÐ Kr. 476.000,-
Verð áður 595.000,-

Breidd: 268 cm - Dýpt: 95 cm
Tunga: 163 cm
Frá vegg: 240 cm
Latexdýna: 140x200 cm

Senseo 3ja sæta svefnsofi
TILBOÐ Kr. 343.200,-
Verð áður 429.000,-

Breidd: 209 cm - Dýpt: 95 cm
Latexdýna: 160x200 cm
Frá vegg: 240 cm

Felix tungusófi
TILBOÐ
Kr. 552.000,-
Verð áður 690.000,-



Breidd: 285 cm - Dýpt: 95 cm
Tunga: 175 cm
Pokagormadýna: 140x200 cm
Frá vegg: 213 cm



Felix svefnsofi
TILBOÐ Kr. 368.900,-
Verð áður 461.125,-

Breidd: 209 cm
Dýpt: 95 cm
Frá vegg: 213 cm
Pokagormadýna: 140x200 cm



Lingen svefnsofi
TILBOÐ AÐEINS
Kr. 99.000,-
Verð áður 123.750,-

Góð svampdýna
Breidd: 200 cm
Dýpt: 120 cm



www.betrabak.is

Betra
BAK

Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16



TÓNLIST, KYRIKMYNDIR, SJÓNVAÐ, LEIKHOR, LISTA, DRÖTTIR, MATUR OG ALLT ANNAR

HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Haffi Haff.
 Á forsiðu: 3. júní 2010.
 Fyrirsögn viðtals: Ég er bara öðruvísi.

Þegar ég var á forsiðu Monitor stóð ég í plötuútgáfu og síðan þá hef ég sett fullt af lögum í spilun, komið fram um flestar helgar og unnið með frábærum listamönnum. Í fyrra tók ég þátt í að syngja Gay Pride-lagið „Finnu ástina“ með Heru Björk og vann að laginu „Sex Freak“ með Galaxies-stelpunum. Núna er ég að vinna í nýjum leiðum í tónlistinni og hef fengið helling af upptöku-stjórum til að gefa mér ráð og vika sjóndeildarhringinn minn. Í sumar fer ég svo fara af landi brott um tíma, þar sem ég mun vinna í Alaska með pabba mínum á bátunum hans, meðal annarra hluta.



LOL-MAIL
MONITOR

20. apríl 2012 15:22
 til: Auðunn Jónsson

Sæll Auðunn!
 Úrsusinn skoraði á þig í síðasta tölublaði. Ert þú jafnsniðugur og þú ert sterkur?

Bestu kveðjur, Hilmar

Sæll Hilmar!
 Hér kemur ein létt saga.

Ég og góður vinur minn vorum að fá okkur sæti í flugvél, á almennu farrými. Ég vigtaðist 130 kíló og Grétar vinur minn rúm 160 kíló þannig að það var ljóst að þar voru tveir gerðarlegir menn á ferð og ekki mikið pláss eftir af þriðja sætinu. Þegar við vorum sestir og búinir að koma okkur makindalega fyrir kom aðvífandi enginn annar en Jóhannes í Bónus. Vélin var full og þetta eina sætið sem var laust. Jóhannes leit á flugmiðann sinn, leit upp og horfði á okkur, sneri sér að næstu flug-freyju og sagði: „Fröken, ég borgaði fyrir fullt sæti en ekki hálf.“ Ég sendi boltann á Helgu Margréti Þorsteinsdóttur, íþröttakonu.

kv. Auðunn

LOKAPRÓFIÐ

| 26. apríl 2012 |
MONITOR
 skólinn

Ég heiti DÓRI DNA

Ef ég væri ekki Halldór Halldórsson myndi ég helst vilja vera

Þú veist hver ég er af því að ÉG ER SVO SÆTUR...

Ég fékk viðurnefnið DNA vegna þess að ég

- a) svaf hjá dóttur Kára Stefáns
- b) var í hljómsveit með Adda vini mínum sem var kölluð D 'n' A**
- c) fékk hreina 10 á lokaprófi í erfðafræði
- d) ég sagði alltaf „Dandaríkin Norður Amerika“ þegar ég var lítill og það að nafnið sé fast við mig finnst mér

FRABERT

Uppáhaldsgrínistinn minn er

- a) Bergur Ebbi
- b) Louis CK
- c) Dave Chappell**
- d) Ricky Gervais
- e) Björn BRAGI

og það myndasta sem hann hefur sagt er

LET ME THINK!!

Ég hef það óþægilega mikið á tilfinningunni að ég muni líkjast

- a) Homer Simpson
- b) Peter Griffin úr Family Guy
- c) Doug Heffernan úr King of Queens**
- d) Dustin Hoffman
- e) _____

í framtíðinni.

Sú staðreynd að afi minn hafi unnið Nóbelsverðlaunin

- a) fyllir mig stolti
- b) fær mig til að hugsa hvað ég er mikill eftirbátur hans
- c) hvetur mig áfram til góðra verka**
- d) fær mig til að hugsa að allt sé mögulegt í þessum heimi
- e) _____

en upphaldsbókin mín úr hans safni er án efa BEKKUKOTSANNALL

því að hún ER SKRIFAÐ fyrir mig

Eiginhandarritunin mín lítur svona út:

DÓRI DNA



- a) Halldór Helgason, snjóbrettadúddi
- b) Halldór Jónsson, heildsala
- c) Halldór Gylfason, leikari**
- d) Halldór Blöndal, fyrrverandi alþingismaður
- e) _____

af því að Hann er svo nettur

Það sem ég hræðist mest eru

- a) köngulær
 - b) gamlar frænkur
 - c) flugferðir**
 - d) tómatar
- en til að sigrast á óttanum Fer ég í MANÍU

Mín helsta eftirsjá er að hafa

- a) ekki skirt son minn Björgvin.
- b) ekki haldið áfram 100% í rappinu.
- c) eytt öllum þessum tíma í rappinu.
- d) ekki farið í viðskiptafræði.
- e) EKKI ÖÐR LEIKARI.**

Best í heimi er

- a) Mosó
- b) pilluborgarinn
- c) Þýskaland**
- d) Mið-Ísland
- e) _____

vegna þess að Þetta er eitthvað snið!

Eftir 5 ár verð ég orðinn

- a) bæjarstjóri í Mósó.
- b) aðstoðarmaður Steinda.
- c) þriggja barna faðir.**
- d) útgerðarmaður.
- e) _____

Síðasta sms sem ég fékk var frá

Bergu EIDVA og því stóð: Gær er í Kastljós

Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Ér að byrja með söfnun

Leggðu m.a. 0315-261505



VEL GERT

Kristín Helga

Mig langar að hrósa Kristínu Helgu Gunnarsdóttur rithöfundu fyrir að standa að lestrarátaki þjóðarinnar ásamt fleirum. Einnig fyrir óeigingjörn störf í þágu bókmennta, en

hún er búin að skrifa 19 bækur fyrir börn á aldrinum 0-99 ára. Gísli Rafn Guðmundsson



MARGRÉT ERLA MAACK

ÉG HEF ALDREI

... æft íþróttir. Hef ekki „bolti og líkami“-samhæfinguna. **1**

... farið í vinamatarboð þar sem ég kem ekkert nálægt matnum. **2**

... átt Buffaloskó eða Dickies-buxur. Það var meira að segja samstöðufélag í grunnskólanum mínum gegn mér sem hét Margrétarhatarafélagið í Dickies-buxum. **3**

... fílað Queen. Sorrí. Það að sjá 10 karlmenn niðri í bæ kl. hálf fimm hópvanga og öskrusyngja við We Are the Champions gerir hvaða konu sem er ófrjó á nokkra daga. **4**

... getað húllað. Mikil skömm í magadansheiminum. **5**

... farið í tækjasal í líkamsræktarstöð. Ég gat þar til nýlega sagt að ég hefði aldrei komið inn í slíka stöð, en Edda Hermanns manaði mig og fleiri í Tabatátíma um daginn. Ég er a.m.k. kosti með betra þol en Helgi Seljan. **6**

SÍÐAST EN EKKI SÍST

► Eydis Gunnur Þrastardóttir lífskúntner, fílar:

KVIKMYND: Uppáhaldskvikmyndin mín er án efa Gigli því það er svo yndislegt að rifja upp tímanna þegar Ben Affleck og Jennifer Lopez voru saman. Benifer er flottasta Hollywood-par sögunnar.



ÞÁTTUR: Ég verð að vera trú sjálfri mér og segja Hringekjan. Ég veit að margir eru ósammála mér en mér fannst Góí alveg æðislegur í þáttunum og svo finnst mér alltaf gaman þegar púlsinn er tekinn á þjóðinni okkar. Við eigum svo mikið af hæfileikafólki.



BÓK: Ég les nú ekki mikið en Dúbbi dúfa er mér afar kær enda fyrsta bókin sem ég las. Það er svo gaman hvað svona einföld ævintýri geta haft mikil áhrif á mann í æsku.



PLATA: Ég hef sjaldan grátið jafn mikið og þegar Sóld-ögg lagði upp laupana. Ég held mikið upp á allar þeirra plötur en ef ég þyrfti að velja eina þá er það klárlega Breyt' um lit.



VEDURSTOF ÍSLANDS
VEFSÍÐA: Nú er komið sumar og þá er upplagt að reyna að ná sem bestum lit. En það gerist ekki nema í sól og því fer ég mikið inn á vedur.is til að vera á réttu stöðunum í sumar.

STAÐUR: Papey er án efa fallegasti staður sem ég hef komið á en þar kynntist ég einmitt ástinni minni svo ég ber sérstakar taugar til staðarins.





TÓNLISTINN

Vikan 19. apríl - 25. apríl 2012

- 1** **Of Monsters And Men**
My Head Is An Animal
 - 2** **Adele**
21
 - 3** **Bubbi Morthens**
Þorpið
 - 4** **Mugison**
Haglél
 - 5** **Ýmsir**
Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012
 - 6** **Sigurður G og Sigríður Thorlacius**
Ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands
 - 7** **Ýmsir**
Einu sinni var / Út um græna grundu
 - 8** **Gus Gus**
Arabian Horse
 - 9** **Leonard Cohen**
Old Ideas
 - 10** **Helgi Björnsson**
Íslenskar dægurperlur í Hörpu
- Hjálmar Órar** **Rökkurró** Í annan heim
Ýmsir 100 vinsæl barnalög **Retro Stefson** Kimbabwe **Sigur Rós** Inni **Úr leikriti** Gullejyan **One Direction** Up All Night **Legend** Fearless **Björgvin Halldórsson** Gullvagninn **Valgeir Guðjónsson** Spilaðu lag fyrir mig **Ýmsir** Hot Spring: Landamannalaugar **Sóley** We Sink **Björk** Biophilia **Friðrik Karlsson & María Ellingsen** Jóga **Valdimar Undraland** **Paul McCartney** Kisses On The Bottom **Bruce Springsteen** Wrecking Ball **HAM** Svik, harmur og dauði **Ingimar Eydal** Allt fyrir alla **Whitney Houston** Ultimate collection

*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur söluálag og síðastliðinn viklu í verslunum Skifunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.



LAGALISTINN

Vikan 19. apríl - 25. apríl 2012

- 1** **Fun / Janelle Monae**
We Are Young
 - 2** **Magni**
Hugarró
 - 3** **The Black Keys**
Gold On The Ceiling
 - 4** **Bubbi / Mugison**
Þorpið
 - 5** **KK**
Frelsið
 - 6** **Of Monsters And Men**
Lakehouse
 - 7** **Hljómar**
Þú og ég
 - 8** **Train**
Drive By
 - 9** **Katy Perry**
Part Of Me
 - 10** **Valdimar G / Helgi Júlíus**
Stöndum saman
- Keane** Silenced By The Night **Ojba Rasta** Baldursbrá **Alabama Shakes** Hold On **Sólstafir** Fjara **Retro Stefson** Queen **SSSól / John Grant** Finish On Top **Gabriel, Valdimar og Opee** Stjörnuhröp **M83** Midnight City **Jack White** Love Interruption **Greta Salóme / Jónsi** Never Forget **Magnús Þór / Jónas Sigurðsson** Ef ég gæti hugsana minna **Jason Mraz** I Won't Give Up **Foster The People** Don't Stop **Grafík** Beljur - Geimverur **Nicki Minaj** Starship **Bruce Springsteen** We Take Care Of Our Own **Lana Del Rey** Blue Jeans **Lil Wayne / Bruno Mars** Mirror **Dikta** Cycles **Adele** Turning Tables

*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viklu á mest spiluðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM957, Xíð 977, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.

Heyrnartól og votir fingur

Á laugardag munu plötusnúðar landsins sam-einast á Gauknum þegar **Djkeppni.is** fer fram.

Á laugardaginn verður plötusnúða-keppnin Djkeppni.is haldin á nýjan leik á Gauknum en hún var síðast haldin árið 2010. Í flokki 18 ára og yngri ætla Arnar Ingason, DJ Baldur, Leifur Harðarson, Lafontaine, Proxy Figura, Ruy Zardo og DJ Gummi J að keppa um titilinn en hjá þeim eldri munu Árni Skeng, DJ Leibbi, DJ Stizzo, DJ Volume, Kjerúlf og Kaktus berjast í skífubeytingum.

Dómaramir í ár eru nokkrir af reyndustu

skífuknöpum landsins. DJ Margeir, Exos, DJ Frímann, Þórhallur Skúlason og ATL munu dæma hjá eldri keppendum en Óli Geir, Sindri BM, Frigore og Joey D munu sjá til þess að velja þann besta í yngri flokknum.

Keppnin hjá 18 ára og yngri hefst klukkan 20:00 en keppnin hjá þeim eldri hefst á miðnætti á laugardaginn. Eftir herlegheitin munu svo sigurvegari kvöldsins þeyta skífum en miðaverð er 1000 krónur.



DJ MARGEIR
ER Í DÓMNEFND

Fanta, the Fanta bottle and "Play on" are registered trademarks of The Coca-Cola Company. © 2012 The Coca-Cola Company



Marteinn Áki Ellertsson

- Stúdent frá MH 2007
- Lagadeild, 3. ár
- Áhersla í námi: Fjármunaréttur, félagaréttur og Evrópuréttur
- Áhugamál: Flug, útivera og félagslíf

Ragnhildur Helgadóttir

- Prófessor í lagadeild
- Doktorspróf frá Háskólanum í Virginíu
- Sérsvið: Stjórnskipunaréttur
- Situr í samninganefnd Íslands við ESB

Velkomin í HR

Viltu skemmtilegt og spennandi nám? Viltu mæta sterkari út á vinnumarkaðinn? Viltu vinna með frábærum kennurum og taka þátt í öflugri rannsóknar- og nýsköpunarstarfi? Háskólinn í Reykjavík er framsækinn, alþjóðlegur háskóli með ótvíræða forystu í tækni- greinum, viðskiptum og lögum – lykilgreininum fyrir öflugt atvinnulíf.

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 5. JÚNÍ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

www.hr.is